

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

25. febrúar 2011

Dögg Mósesdóttir

kvartar ekki undan pressu

- Á rúmstokknum
- Ási of Iceland
- Tískan af pöllumum

GÓÐUR
LCD SKJÁR

Kr. **24.450**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750
HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í
BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI

• SÍMI 569 0700
• WWW.ATT.IS



LG W2240S-PN

- TFT Full HD LCD breiðskjár
- 1920x1080 upplausn
- 70.000:1 skerpa
- 5ms svartími

núna

✱Dekraðu þig

blogg vikunnar

Val vikunnar

Sænska bloggsíðan Nike väljer hefur ekkert með íþróttavöruframleiðandann Nike að gera heldur velur Nike Felldin vikulega fallegar fatasamsetningar og birtir þær svo á netinu. Vikuvalið fylgir yfirleitt einhvers konar heildarþema á borð við hvítan lit, afrískt safarí og þar fram eftir götunum. Skemmtileg síða til að detta inn á. Www.rodeo.net/nikevaljer.

Danir leggja línurnar

Blogggið www.anywho.dk er stórskemmtilegt danskt blogg sem haldið er úti af þremur vinkunum sem allar eiga það sameiginlegt að starfa innan tiskubransans. Stúlurnar eru Ingrid, sem starfar sem fyirsæta meðfram námi, Elise, sem er hönnuður, og Stephanie, sem vinnur sem stílisti og hönnuður. Skyldulesning fyrir alla þá sem elska skandinavíska tísku!




Íslendingadagar í Vesturheimi

Ferð á merkustu hátíðir Íslendinga í Vesturheimi á vegum Þjóðræknisfélags Íslendinga og Vesturheims sf dagana **24. júlí-7. ágúst.**

Ferðatilhögun: Flug til Winnipeg sunnudaginn 24. júlí
Skoðunarferð um Nýja Ísland
Nýjung: Skoðunarferð um Íslendingaslóðir í vestanverðu Manitoba – farið um Voga og til Reykjavíkur!!
Minnsta nýlenda Íslendinga í Norður Ameríku heimsótt
Hvað er Baldur í Manitoba?
Íslendingadagur í Mountain í Norður Dakota
Íslendingadagurinn á Gimli í Manitoba
Frjálsir dagar í Winnipeg – Gist í miðbænum á Delta Winnipeg
Ferðalýsing á www.vesturheimur.is




Nánari upplýsingar veitir Jónas Þór í síma 861-1046 eða jonas.thor1@gmail.com

Ásgrímur Már Friðriksson sendir frá sér eigin fatalínu:

SUÐRÆN MARÍA ANTONÍETTA

Ásgrímur Már Friðriksson fatahönnuður er farinn að hanna undir eigin nafni og vinnur nú bæði að karla- og kvenfatnaði undir heitinu Ási of Iceland.

Ásgrímur Már hannaði lengi fyrir E-label og sló hönnun hans í gegn hér heima enda þóttu flíkurnar bæði þægilegar og flottar. Nýja línan er að hans sögn ólík því sem hann hefur áður gert og er bæði litaglaðari og mýkri. „Í kvenlínunni er ég að einbeita mér að litum og handgerðum silkiblómum. Ætli línan sé ekki einhvers konar blanda af Púertó Ríkó á tíunda áratugnum og Maríu Antoníettu,“ útskýrir Ásgrímur. Hann hyggst einnig senda frá sér karlalínu innan skamms og mun hún innihalda klassískan klæðskerasniðinn fatnað með nútímalegu yfirbragði. „Mér fannst vanta meira

úrval af fatnaði fyrir stráka og mig langar svolítið að einbeita mér að þeirri línu og hafa hana jafnvel stærri en kvenfatalínuna. Strákafötin verða samt með svolitlu „unisex“ sniði svo að bæði kynin ættu að geta gengið í sumum flíkunum.“

Aðspurður segir Ásgrímur Már það ekki vandræðalaust að vera sjálfs síns herra. „Áður var ég að hanna fyrir aðra og þurfti því að fylgja ákveðinni stefnu en nú getur maður gert hvað sem er og þá getur verið erfitt að festa sig við eitthvað heildstætt,“ segir hann og hlær. Ásgrímur stefnir á að senda frá sér tvær línur árlega héðan í frá bæði í kven- og karlfatnaði. „Planið er að koma þessu á almennilegt ról núna og vera síðan duglegur í að fylgja því eftir.“

Hönnun Ási of Iceland fæst í versluninni Kiosk við Laugaveg 65.

ORKUGEFANDI GOTT RAKAKREM

frá Biotherm sem verndar húðina, veitir henni raka og vinnur jafnframt gegn þreytumerkjum. Kremið inniheldur náttúruleg efni og fyllir húðina af orku.



Elgín herra
Ásgrímur Már Friðriksson hefur sent frá sér sína fyrstu línu sem hann hannar undir eigin nafni, Ási of Iceland. Línan inniheldur bæði kven- og karlfatnað og stefnir á að senda frá sér tvær línur á ári.

FRETTABLAÐIÐ/VALLI

Ný vorlína frá L'Occitane:

Plómur og vorkoma

Vörurnar frá franska snyrtivöruframleiðandanum L'Occitane eru hver annarri yndislegri. Nú hefur bæst við ný plómuþlómalína sem inniheldur meðal annars sturtusápu, ilmvatn og rjómakennndan varagljáa með örliðlum lit. Að auki ilma vörurnar ómótstæðilega enda innihalda þær allar plómuþlómaseyði.



Hönnun Barböru í Gongini fæst loks á Íslandi:

Skemmtilega öðruvísi

Sýning færeyska fatamerkisins BARBARA í gONGINI á tiskuvikunni í Kaupmannahöfn þótti sérstaklega flott og vel heppnuð. Merkið hefur haft aðsetur í Kaupmannahöfn undanfarin ár og er hönnun þess nokkuð vinsæl meðal Dana. Flíkur BARBÖRU í gONGINI þykja þægilegar og sérstakar enda eru sniðin skemmtilega öðruvísi. Tiskuverslunin GK Reykjavík hefur nýverið tekið að selja hönnun BARBÖRU í gONGINI og ætti það að vera mikið fagnaðarefni fyrir áhugafólk um skandinavíska hönnun.

Ása Ninna Pétursdóttir rekur GK Reykjavík ásamt sambýlismanni sínum, Guðmundi Hallgrímssyni, og segir hönnun BARBÖRU í gONGINI vera mjög fallega og þægilega. „Mér finnst hönnun hennar bæði mjög skemmtileg og svo er hún líka sérstaklega þægileg og góð. Línan sem við erum með til sölu hjá okkur nefnist Black og hún er aðeins hefðbundnari en önnur og dýrari lína sem hún gerir.“ Fyrstu flíkurnar voru teknar upp úr kössunum í byrjun vikunnar og er önnur sending væntanleg í næstu viku.



Færeysk framúrstefna Ása Ninna Pétursdóttir, annar eigenda GK Reykjavík, segir hönnun Barböru í Gongini vera þægilega og skemmtilega.

FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Umsjón Sara McMahon Forsíðumynd Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

A WORLD OF INSPIRATION
the
PIER
FOR YOUR HOME

SÍÐASTA SENDING AF
YES ER KOMIN!



STÓLAR FRÁ
6490



YES FRÁ
690



PÚÐAR FRÁ
2990



RAMMI
3490



RAMMI
6990

INNSKOTSBOÐ
24900



ALLT AÐ FYLLAST AF NÝJUM VÖRUM!



STELL FRÁ
490



5990

4990

STJAKI
6990



STJAKI
7990

PAPPÍRISVÖRUR FRÁ
690



FÍLASTJAKI
2490



KUBBAKERTI FRÁ

490

HÁ KERTI

129

STK.

890

10 STK.

SPEGILL STÓR

16990



the
PIER

SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORG 522 7870 • GLERÁRTORG 522 7880

núna

*Ljómið um helgina

LJÓMANDI HÚÐ Flottur púðurfarði frá Yves Saint Laurent sem hentar flestum húðgerðum. Farðinn gefur húðinni frísklegan ljóma og jafnar einnig húðlitinn.



Gitte Christensen sker sig úr fjöldanum með litríka hönnun sína:

HÖRÐ BARÁTTA FRAM UNÐAN

Gitte Christensen útskrifaðist úr TEKO-hönnunarskólanum nú í janúar og var í hópi nemenda sem sýndu útskriftarlínur sínar á tískuvíkunni í Kaupmannahöfn. Hönnun Gitte stóð út úr hvað liti varðar og segist hún með eindæmum litaglöð miðað við hinn hefðbundna Skandinava.

Gitte segist hafa sótt innblástur í tisku sjötta áratugarins og til íþróttafatnaðar þegar hún var að hanna útskriftarlínu sína. „Það tók mig langan tíma að átta mig á því hvað ég vildi gera með útskriftarlínuna, sérstaklega þar sem ég vil ekki gera of klassískan fatnað. Ég sótti fyrst innblástur til klæðskerasniðinna fata sjötta áratugarins en fannst það eitthvað of venjulegt. Þegar ég ákvað að blanda því saman við íþróttafatnað opnuðust nýjar víddir fyrir mér og úr varð þessi útskriftarlína,“ útskýrir Gitte. Línan hefur fengið góða dóma og segist Gitte afar sátt við útkomuna.

Gitte telur danska hönnuði standa mjög framarlega og segir jarðliti og hreinar línur vera helstu einkenni þeirra. Hennar eigin lína stendur því svolítið upp úr hvað litaval varðar en hún notar mikið sterka græna, fjólubláa og bláa liti. „Danir eru svolítið litahræddir og þess vegna held ég að hönnun mín eigi frekar heima á Japansmarkaði en hér í Danmörku,“ segir hún og hlær. Hún viðurkennir að tisku-bransinn sé harður og að margir efnilegir unghönnuðir séu að stíga fram á sjónarsviðið núna. „Þetta er harður heimur og samkeppnin er mikil. Það er draumur minn að koma línunni minni í framleiðslu og geta haft lifibrauð mitt af hönnun í framtíðinni,“ segir hún að lokum.

- sm



Eftirlit Gitte Christensen útskrifaðist frá TEKO-hönnunarskólanum nú í janúar. Hún var á meðal þeirra nemenda sem sýndu hönnun sína á tískuvíkunni í Kaupmannahöfn.



Litaglöð Hönnun Gitte er litrík og skemmtileg. Hún sótti innblástur til hönnunar sjötta áratugarins og íþróttafatnaðar.

NORDICPHOTOS/GETTY




FUNHEITAR EÐA SVALAR í grillveisluna

Pykkvabæjar
forsaðnar grillkartöflur
kartöflusalat
hrásalat

Einfalt og gott!



Pykkvabæjar



Á RÚMSTOKKNUM

Sígga Dögg kynfræðingur

Hin sanngjarna móðir

? Sæl Sígga, ég er einstæð móðir einstakrar unglingsstúlku. Hún er mjög ákveðin og skynsöm og samband okkar er mjög traust. Þessi litla stúlka mín er nú farin að slá sér upp með strák sem er töluvert eldri en hún, hún er sjálf aðeins 14 ára og hann er 21 árs. Ég þekki piltinn lítið ennþá en vona að þessi skynsama stúlka hafi valið sér góðan strák. Fyrir stuttu spurði hún hvort hún mætti gista yfir nótt hjá stráknum og ég tók fyrir það þar sem mér finnst hún alltof ung. Mörgum vinkonum mínum þótti ég þó hafa brugðist of harkalega við og nú veit ég ekki í hvorn fótinn ég á að stíga. Hvað finnst þér um þetta?

Svar: Ég finn mig knúna til að brjóta odd á oflæti mínu og játa að nú heyri ég rödd móður minnar bergmála með skynsemisorðunum: „þú hefur nægan tíma fyrir svona strákastand“. Það er mér í fersku minni hvernig sjálfstæðisbaráttan togaðist á við ábyrgðarleysið, hver einasta tilfinning er ýkt með hormónum og veruleikinn er allur í núinu.

Þegar kemur að ástinni getur þú tæpast stjórnað því fyrir hverjum unglingshjartað fellur. En þú getur stjórnað náttstaðnum enda er dóttir þín ósjálfráða og enn skilgreind sem barn. Það fyrsta sem ég horfði í var aldursmunurinn á þessu unga pari en það er ekki hægt að alhæfa neitt um aldur þar sem hann er afstæður. Persónulega myndi ég gera kröfu um að fá að kynnst þessum strák, hvort sem þú bjóðir honum í mat eða biðjir þau um að vera heima hjá ykkur þegar þau hittast. Móðir skoðar ekki heiminn í gegnum rósráuð gleraugu og getur því verið ágæt-ur mannþekkjari og þannig reynt að standa vörð um hag barnsins. Það er ekki hægt að segja að eitt sé rangt og annað rétt því þú ert móðir hennar og þín ákvörðun er þar af leiðandi „rétt“. Þú verður að treysta eigin innsæi og láta gagnrýnisraddir sem vind um eyru þjóta. Hún er ennþá barn og treystir á þig til að vísa henni veginn. Þótt þú getir virst „ósanngjörn“ og jafnvel „leiðinleg“ þá er það hinn þungi kross sem allir foreldrar bera. Þú þarft að standa með þinni sannfæringu.

Reyndu að hvetja hana til að leyfa þér að kynnst stráknum betur og settu jafnvel einhver tímamörk á næturgistingu, til dæmis að hann megi gista hjá henni þegar þau eru búin að vera saman í ákveðið langan tíma. Ég get ekki lokið við þetta svar nema að minnast á getnaðarvarnir og vona að skynsama stúlkan þín sé frædd um smokkanotkun, kynsjúkdóma og ótímabærar þunganir. Ef þú ert ekki viss hvað hún veit þá er þetta kjörið tækifæri til að setjast niður með henni og ræða málin í þaula. Þá gæti verið gott að koma því að hvort hún hafi stund- að kynlíf áður og hvort þau eigi í kynferðislegu sambandi því það að hamla næturgistingu kemur ekki í veg fyrir kynlíf. Þú ert með gullið uppalandatækifæri í höndunum og ég vona að ykkur gangi vel að leysa úr þessu máli saman.

Sendu Síggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlíf@frettabladid.is

Allt í steik!

4ra rétta seðill og A la Carte í Perlunni

4ra rétta
sjávarrétt-
seðill
4.990 kr.

Vissir þú?

Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá franska matreiðslumeistararanum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera ein besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!

4ra rétta seðill

verð frá 4.990 kr.

1

HEITREYKT BLEIKJA
Með wasabí ís og wagame salati

2

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarholum

VELDU ÞÉR AÐALRETT

FISKUR DAGSINS
með rjómasoðnu bankabyggi steiktu dvergkáli og basilsmjörsósu
Verð á matseðli með fiski dagsins í aðalrétt 4.990 kr.

3

STEIKT HEIDAGÆSABRINGA
með eplamauki sveppakartöflu og villisveppasósu
Verð á matseðli með heidagæs í aðalrétt 5.990 kr.

INNÞÖKUD NAUTALUND Í SMJÖRDEIGI (WELLINGTON)
með sveppafyllingu, soðkartöflu, rôtargrænmeti og Chateaubriand sósu
Verð á matseðli með innbakaðri nautalund í aðalrétt 6.990 kr.

OFNSTEIKTUR LAMBAHRYGGUR
með hunangs- og sinnepskornahjúp, möndlukartöfluköku,
aspas, rófum og bearnaisessósu
Verð á matseðli með lambahrygg í aðalrétt 7.990 kr.

4

SÚKKULAÐI OG PISTASÍU KAKA
með pistasíu ís og tonka- hvítsúkkulaði rjóma



Gjafabréf
Perlunnar
Góð gjöf við
öll tækifæri!



Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is



Harðdugleg Dögg Mósedóttir kvikmyndagerðarkona stendur að baki stuttmyndahátíðinni Northern Wave sem fram fer á Grundarfirði fyrstu helgina í mars.

Um sextíu stuttmyndir, tónleikar og fiskisúpuát er meðal þess sem stendur gestum alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar Northern Wave á Grundarfirði til boða um aðra helgi. *Dögg Mósedóttir*, framkvæmdastjóri hátíðarinnar, segir mikla landkynningu felast í hátíðinni.

Viðtal: Kjartan Guðmundsson
Ljósmyndir: Valgarður Gíslason

SALON REYKJAVÍK



SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEDFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, SLÉTT, HEILBRIGÐT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.

VERTU VELKOMIN
SALON REYKJAVÍK
GRANDAGARÐUR 5
101 REYKJAVÍK
SÍMI: 56 85 305
OPNUNARTÍMAR
VIRKA DAGA: 9 - 18
LAUGARDAGA 9 - 13



Fyrstu helgina í næsta mánuði, nánar tiltekið dagana 4. til 6. mars, verður alþjóðlega kvikmyndahátíðin Northern Wave haldin á Grundarfirði í fjórða sinn. Hitann og þungann af skipulagningu hátíðarinnar ber kvikmyndagerðarmaðurinn Dögg Mósedóttir, en hún setti Northern Wave á fót í samvinnu við Menningarsjóð Vesturlands á sínum tíma og gegnir í senn hlutverki framkvæmdastjóra og talsmanns og sér um að velja myndir á hátíðina úr fjölda umsókna. Aðspurð viðurkennir Dögg að töluvert álag fylgi skipulagningu Northern Wave. Hátíðinni hefur vaxið fiskur um hrygg ár frá ári, nýir dagskrárliðir bæst við og gestum fjölgað til muna, en Dögg sinnir því starfi samhliða fullri vinnu sem klippari á Skjá Einum og fleiri verkefnum sem tengjast kvikmyndagerð. Hún segir þó viðsfjarri sér að kvarta yfir pressunni sem þessu fylgir, enda fái hún ómælda ánægju út úr því að sjá hátíðina vaxa og dafna.

„Ég horfi á um 150 myndir á hverju ári og af þeim vel ég svo um sextíu sem sýndar verða á hátíðinni. Stundum horfi ég á allt að tíu myndir á kvöldi eftir vinnu, en þetta eru stuttmyndir og því tekur það styttri tíma en ætla mátti að renna í gegnum þennan fjölda. Eina vesenið er að þurfa að standa upp og skipta um disk í DVD-tækinu,“ segir hún og bætir við að eftir fjögur ár sé hún komin í nokkuð góða þjálfun varðandi alla skipulagningu.

„Ég fæ líka mjög mikla og góða hjálp víða að. Judith, vinkona mín frá Spáni, kemur á hverju ári og aðstoðar mig og svo er líka gott að hafa fólk á Grundarfirði til að redda ýmsum hlutum. Starfsfólk bæjarskrifstofunnar er mjög

hjálplegt og svo búa foreldrar mínir þarna líka. Þabbi er á fullu í skipulagningunni, svo ekki sé minnst á þau fjölmörgu fyrirtæki og einstaklinga á Grundarfirði sem leggja í púkkið.“

SPENNANDI HEIÐURSGESTUR

Northern Wave verður með nokkuð öðru sniði nú en endranær, en í ár verða í fyrsta sinn veitt verðlaun fyrir bestu íslensku stuttmyndina, auk þess að verðlauna bestu alþjóðlegu stuttmyndina og besta íslenska tónlistarmyndbandið.

Ég ætlaði að koma heim í góðærið en svo hvarf það stuttu síðar.

Tónlistarvefsíðan Gogoyoko sér um tilnefningar til besta tónlistarmyndbandsins og er einnig meðal þeirra sem gefa verðlaunin í þeim flokki. Dögg segir gríðarlega grósku hafa verið í gerð tónlistarmyndbanda hér á landi á síðasta árinu eða svo.

„Það voru ekki nærri svona mörg tónlistarmyndbönd sem kepptu á síðasta ári. Kannski er skýringin sú að margir hafa fjárfest í góðum vélum sem gerir það hægt um vik að framleiða rosalega flott myndbönd. Leynt og ljóst er eitt af markmiðum hátíðarinnar að koma á sambandi milli mismunandi listageira, til dæmis tónlistarmanna og kvikmyndagerðarmanna, til að þeir kynnist sín á milli, vinni saman og viðhaldi þessari miklu grósku.“

Heiðursgestur hátíðarinnar í ár er enginn annar en franski leikstjórinn Romain Garvas, sem

hefur unnið með fjöldanum öllum af þekktum tónlistarmönnum og leikstýrði meðal annars einu umdeildasta myndbandi síðasta árs við lagið Born Free með söngkonunni M.I.A. Auk þess að taka sæti í tónlistarmyndbandakeppninni verður brot úr nýjustu mynd Garvas, Our Day Will Come með franska leikaranum Vincent Cassel í aðalhlutverki, sýnt á hátíðinni. Á laugardagskvöldinu verður einnig sýnd heimildarmynd í leikstjórn Garvas um tónleikaferðalag hljómsveitarinnar Justice um Bandaríkin.

Dögg er himinlifandi með heimsókn Garvas á Northern Wave.

„Þeir sem senda myndir inn í keppnina frá löndum víðs vegar um heim velja oft og tíðum Ísland vegna þess að þá langar til að heimsækja einhvern framandi og heillandi stað. Hið sama á við um heiðursgestina, en þeir lifa sig ávallt vel inn í stemninguna á hátíðinni, kíkja á tónleika, fá sér bjór með gestunum og þar fram eftir götunum. Kristín Jóhannesdóttir kvikmyndagerðarkona og Sigurður Pálsson rithöfundur eru bæði í dómnefnd og þau hafa gjarnan tekið að sér að lóðsa heiðursgestina um bæinn, sem hefur gefist mjög vel. Garvas er ungur og upprennandi leikstjóri sem mikils er vænst af. Það er mjög mikilvægt að hæfileikaríkt kvikmyndagerðarfólk myndi tengsl við landið, sem mögulega skilar sér svo í því að hér verði gerðar fleiri myndir í framtíðinni. Þetta er mikil landkynning,“ segir Dögg.

Á SJÓINN EFTIR STÚDENTINN

Sjálf ólst Dögg upp á Grundarfirði fram til sextán ára aldurs, þegar hún flutti á mölina og hóf nám við Verslunarskóla Íslands. Í



Parna er ég ásamt Maríu Runólfsdóttur, frænku minni, í réttum á Grundarfirði. Mæja er ættleidd og ég gerði heimildarmynd um hana og við ferðuðumst saman til Grænhöfðaeyja að hitta blóðmóður hennar.



Myndin er tekin í Bandaríkjunum í fyrstu ferð okkar eiginmannsins þangað. Mig langaði svo að sjá dádýr og þetta var það eina sem ég sá, uppstoppað á safni.



Parna erum við hjónin ung og ástfangin í Barcelona, nýbúin að kynnst.



Þessi mynd er tekin heima hjá mér í gottneska hverfinu í Barcelona. Svona þakpartí eru algeng þar í borg.

marmarahöllinni, eins og sá skóli er oft kallaður, entist hún þó ekki nema í tvö ár.

„Þegar ég var sextán ára ætlaði ég að verða rík, en sautján ára gömul var ég orðin ákveðin í því að verða fátækur listamaður,“ segir hún og hlær. „Ég var dálítill uppreisnarseggur sem unglingur, en vildi líka sýna fólkinu á Grundarfirði að ég gæti samt staðið mig í námi og þess vegna fór ég í Versló, sem ég hélt þá að væri besti skólinn. Það tók mig ekki langan tíma að uppgötva að ég passaði engan veginn inn í Versló. Ég þarf alltaf að vera að gera eitthvað skapandi og skipti þess vegna yfir í MH, þar sem allt skrítna fólkið var.“

Eftir stúdentspróf, einn vetur sem skiptinemi í Ekvador og ýmis störf á Grundarfirði, meðal annars nokkra túra á togara, hélt Dögg svo til Barcelona í kvikmyndaskóla. Þar dvaldi hún við nám og störf í ein fimm ár og kynntist þar eiginmanni sínum, Daniel Schreiber, sem hún flutti með til Íslands jólin 2007.

„Ég ætlaði að koma heim í góð-ærið en svo bara hvarf það stuttu síðar,“ segir Dögg, en hún lét efnahagsvandræðin þó ekki aftra sér frá því að ráðast í skipulagningu Northern Wave-hátíðarinnar stuttu eftir heimkomuna.

SYSTIR ÞINGMANNS VG

Hún segir Grundarfjörð hafa verið mikið vígi Sjálfstæðisflokksins í uppvesti sínum. Báðir foreldrar hennar eru sjálfstæðismenn, en þeirri hollustu er ekki fyrir að fara hjá Dögg og systur hennar Lilju Mósedóttur, hagfræðingi og þingmanni Vinstri grænna.

„Mig grunar þó að mamma sé ekki alveg jafn mikil sjálfstæðismanneskja eftir hrúnið en pabbi, sem er einn eigenda sjávarútvegsfyrirtækisins G. RUN á Grundarfirði, er harður stuðningsmaður flokksins. Hann styður Lilju systur þó í einu og öllu og þau ræða stjórnmál mikið sín á milli. Pabbi vill bara hafa gott fólk í pólitík. Honum fannst samt erfitt að vera staddur í svona „kommakoti“ eins og hann kallaði það þegar Lilja stóð í sinni kosningabaráttu og faldi sig alltaf á bak við staur þegar myndavélar voru nálægt,“ segir Dögg og skellir upp úr.

Hún bætir við að sjálf sé hún fremur vinstrisinnuð en geti vel skilið hugsunarhátt foreldra sinna. „Eigendur G. RUN byggðu sitt fyrirtæki upp frá rótum, að mestu leyti án hjálpar frá yfirvöldum, og hafa staðið sig ótrúlega vel í því að byggja upp samfélagið. Þeir vilja að fólk hafi frelsi til að skapa sér sín eigin tækifæri, sem aftur tengir þá við Sjálfstæðisflokkinn.“



Fermingargjöf frá okkur:

Við gefum 5.000 kr. upp í fermingarrúm.

RB
RÚM



VELJUM ÍSLENSKT



Svíf þú inn í Svefninn



Alþjóðleg viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í framleiðslu á rúnum og springdýnum

Úrval fylgihluta:

Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, dýnuhlífar, náttborð og fleira.

Eftir þínu höfði:

RB-rúmin og gaflar eru sérsníðuð eftir þínum óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og lit á gafl og botni.

RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

Opíð alla virka daga frá 8–18 og á laugardögum frá kl. 10–14.

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RB
RÚM
Stofnað 1943



Balenciaga

Dsquared2,
vor 2011.

Balmain

NORDICPHOTOS/GETTY

Topshop,
7.990 kr.

Levi's,
17.990 kr.

Zara,
5.995 kr.

Topshop,
6.990 kr.

Topshop,
9.990 kr.

8. Zara,
7.995 kr.

Rokk eða klassík:

ROKK OG VORKOMA

Rokk og ról eða þægileg klassík? Það er spurningin sem tískuunnendur þurfa að spyrja sig fyrir vorið. Tísku- hús á borð við Balmain, Dsquared2 og Balenciaga boðuðu endurkomu rokkþíunnar á meðan DKNY, Doo.Ri og Armani sáu fyrir sér þægilegan, víðan fatnað fyrir vorið.

-sm

Tískan af pöllunum



DKNY

Doo.Ri

Giorgio Armani

Zara,
7.995 kr.

10. Spútnik,
6.800 kr.

Topshop,
10.990 kr.

Topshop,
3.990 kr.

Vero Moda, 11.900 kr.

Zara,
7.995 kr.

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU FLEIRI PARTY OG MEIRA FJÖR Á VÍSI

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, fréttar og myndskaiða í topp-upplausn með greiðari og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



Meiri Vísi.

vísir.is

VETRARTILBOÐ

SMART BOUTIQUE

Opið sunnudaginn 27 feb. kl. 12–16



3 FYRIR 2
AF ÖLLUM
HÖNSKUM



Allar húfur úr gervifeld frá
HAUER með

20% afsl.



Leðurhanskar með skrautsteinum

50% afsl.
verð áður 4.990 kr.
Verð. 2.495 kr.



Kanínu hettutrefill

50% afsl.
verð áður 6.970 kr.
verð nú 3.485 kr.



Allar húfur og kragar með

15% afsl.
+ 1 par af leðurhönskum
fylgir frítt með



Langir leðurhanskar

70% afsl.
verð áður 10.000 kr.
verð nú 3.000 kr.

... og mörg fleiri spennandi tilboð

Tilboðin gilda frá 24.02 til 07.03 2011

Laugavegur 55, sími 551-1040 • Opið mán.–fös. kl. 11-18 • lau. kl. 10–16. **Mikið af nýjum vörum.**
Sendum í póströfu um allt land.
Það er aðeins ein alvöru hanskabúð og hún er á Laugaveginum við hliðina á Bónus.



NÝTT Á FRIDAY'S



**BESTI
BORGARINN**

Vinningsuppskrift Hamborgarameistarans 2010



**HAMBORGARA
MEISTARINN 2010**



FRIDAY'S SMÁRALIND • s. 570 4400 • www.fridays.is



UNÆDSLEGI HAMBORGARINN



SPARIKLÆDDI HAMBORGARINN

Á síðasta ári hélt Íslandsnaut keppni um titilinn
Hamborgarameistarinn 2010

Átta uppskriftir af 200 komust í úrslitakeppnina
og nú gefst þér tækifæri á að njóta besta hamborgara
keppinnar auk tveggja annarra sem komust í úrslit,
á Friday's í Smáralindinni.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Sjáið hamborgarauppskriftir á www.islandsnaut.is



Hvítir, gráir og svartir litir áberandi í New York:

EINLITT OG LÁTLAUST

Á tískuvikunni í New York voru haustlínur tískuhúsanna kynntar fyrir fjölmiðlum og tískuunnendum. Víða mátti sjá einlitar fatasamsetningar og þá gjarnan í hvítum, gráum eða svörtum litatönum. Rag & Bone, Vera Wang og Chado Ralph Rucci voru á meðal þeirra sem sýndu haustlínur sínar á tísku-
vikunni og innihéldu þær meðal annars einlitar klæðasamsetning-
ar. Hönnuðir Doo.Ri og Y-3 héldu sig við sömu litatóna en blönduðu
litunum saman í stað þess að halda sig aðeins við einn. Þessi tíska
á eflaust upp á pallborðið hjá íslensku kvenfólki, sem er margt ansi
hrifið af hinum trausta svarta lit.

- sm



NORRÆNA

FRÍÐ HEFST UM BORÐ Í NORRÆNU

BÓKAÐU
SNEMMA TIL AÐ
TRYGGJA ÞÉR
PLÁSS.

AÐPREYING Í NORRÆNU

Í Norrænu er ýmislegt sem gerir dvölina um borð ánægjulega. Þar er að finna þrjá veitingastaði, kaffiteríuna, glæsilegt hlaðborð og Simmer Dim veitingastaðinn. Naustbarinn er vinsæll og svo Víkingaklúbburinn, næturklúbbur þar sem dansað er öll kvöld. Á sóldekkinu er bar sem er opinn þegar veður er gott. Góð friðhöfn er um borð þar sem allur algengur friðhafnarvarningur fæst. Einnig er sundlaug, sólbaðsstofa, sauna og líkamsrækt til afnota fyrir farþega. Síðan er bíósalur þar sem sýndar eru bíómyndir alla daga og kvöld. Barnalandið hefur verið stækkað og er það nú mjög veglegt.

WWW.SMYRIL-LINE.IS

Í ferð með Norrænu
tekurðu bílinn með þér
og allan þann farangur
sem í hann kemst.

VORTILBOÐ

FO FÆREYJAR

kr. 73.920

Brottför frá Seyðisfirði 4. - 11. eða 18. maí.
Frá Tórshavn 10. - 17. eða 24. maí. Verð pr. mann.
Fjórir saman í fjögurra manna klefa án glugga
um borð Norrænu og fólksbíl með. Gist í
tveggja manna herbergjum á Hótel Færeyjum í
fjórar nætur. Morgunverður innifalinn á hóteli.



SÉRTILBOÐ SUMAR 2011

FO FÆREYJAR

kr. 77.600

á mann miðað við að 2 fullorðna í 2m. klefa með
glugga ásamt fólksbíl báðar leiðir á háannatíma.
Fullt verð fyrir tvo er kr. 183.600.
Sparnaður samtals kr. 28.400

DK DANMÖRK

kr. 167.200

á mann miðað við tvo fullorðna í tveggja manna
klefa með glugga ásamt fólksbíl báðar leiðir á
háannatíma. Fullt verð fyrir tvo er kr. 381.000.
Sparnaður samtals kr. 46.600

DK DANMÖRK

kr. 100.375

á mann miðað við að 4 fullorðna í 4m. klefa án
glugga ásamt bíl báðar leiðir á háannatíma.
Fullt verð fyrir fjóra er kr. 457.200
Sparnaður samtals kr. 55.700

FO FÆREYJAR

kr. 58.775

á mann miðað við að 4 fullorðna í 4m. klefa án
glugga ásamt fólksbíl báðar leiðir á háannatíma.
Fullt verð fyrir fjóra er kr. 279.800
Sparnaður samtals kr. 44.700

SÉRTILBOÐ Í OKTÓBER

þeir sem bóka sig fram og til baka í
október mánuði, greiða aðeins fyrir
aðra leiðina.

Danland

DK FJÖLSKYLDUTILBOÐ SIGLING OG GISTING

BROTTFÖR 23. JÚNÍ OG KOMIÐ HEIM 14. JÚLÍ

DANMÖRK

kr. 112.200


á mann miðað við að 4 fullorðna í 4m. klefa án
glugga ásamt fólksbíl báðar leiðir. Viku gisting
á Bork Havn í Danmörku er innifalinn í verði.

DANLAND BORK HAVN FERIECENTER BORK HAVN

Frístundabyggðin Bork Havn er sunnarlega
á vesturströnd Jótlands, skammt frá Esbjerg.
Þýsku landamærin eru ekki langt undan
og frá Bork Havn er stutt í Legoland og
Löveparken í Givskud.

Frítt er í alla sundaðstöðu á staðnum.
Gist er í snyrtilegum 2 hæða ca. 45 fm. rað-
húsum með verönd. Íbúðirnar eru þriggja

herbergja, tvö svefnherbergi, stofa og eld-
hús með uppþottavél. Hámarksfjöldi í íbúð
er 6 manns. Þvottaaðstaða og sundlaug er
á staðnum. Nánari upplýsingar má finna á
www.danland.dk með því að smella á Bork
Havn á kortinu.



BÆKLINGUR 2011
FÆREYJAR - DANMÖRK

Ferðaskrifstofa



Leyfishafi
Ferðamálastofu

AUSTFAR

Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfirði · Sími: 472 1111

NORRÆNA
FERÐASKRIFSTOFAN

Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík · Sími: 570 8600



YFIRHEYRSLAN

Hrefna Björk Sverrisdóttir er framleiðandi gamanþátta-anna Steindans okkar.

Háir hælur eða flatbotna skór:

Hælar, en ekki ef ég þyrfti að vera á þeim allt mitt líf. Þá vildi ég frekar vera á flatbotna.



Ómissandi í snyrtibudduna: Vaseline! Gott á varirnar, töfra-krem fyrir andlit-ið og frábært til að hreinsa augn-málningu.

Uppáhaldsliturinn: Svartur. Er það ekki litur?

Hver eru nýjustu kaupin?

Samfestingur frá Sonia Rykiel sem ég keypti fyrir brúð-kaup sem ég fór í um áramótin. Ég kaupi mér ekki oft föt og leyfi mér í staðinn að kaupa aðeins dýrari flikur.



Hvað dreymir þig um að eignast?

Skó sem eru að koma í sölu og eru úr nýrri línu Jeffrey Campbell.

Hvaða lag kemur þér í gott skap? Þessa dag-anna er það Fullkomna ruglkona með Gnúsa Yones.



Uppáhalds-hönnuðurinn:

Ég á ekki neinn alveg uppáhalds en ég er til dæmis mjög hrifin af því sem Christophe Dacarnin hefur verið að gera fyrir Balmain.

Uppáhaldsdrykkur-inn: Gin og tónik.

VOR
VÖRUR

HEITAR

JAKKI
MARGIR LITIR
TILBODSVERD
6.990,-

GALLABUXUR
TILBODSVERD
6.990,-

BLEND®

KRINGLAN - SMÁRALIND

Tíska, fegurð, hönnun,
lífið, fólkið, menning
og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

föstudagur

Fylgstu með